

## Norrænt og alþjóðlegt samstarf

### NFSY og IAEVG – hvað er hvað?

Á degi náms- og starfsráðgjafa sem haldinn var hátíðlegur 9. nóvember sl. fjallaði undirrituð um norrænt og alþjóðlegt samstarf Félags náms- og starfsráðgjafa. Hér á eftir verður gerð tilraun til að skýra þessar tengingar enn frekar svo félagsmenn FNS geri sér betur grein fyrir mikilvægi norræns og alþjóðlegs samstarfs FNS.

NFSY eða norræn samtök náms- og starfsráðgjafa stendur fyrir Nordiska förbundet för studie- och yrkesvägledning og er tilgangur NFSY m.a. að stuðla að samvinnu milli norðurlandanna og alþjóðlegri samvinnu náms- og starfsráðgjafa. Félag náms- og starfsráðgjafa hefur í mörg ár verið aðili að NFSY, sem aftur er aðili að alþjóðasamtökum náms- og starfsráðgjafa, IAEVG. Virkir aðilar í NFSY undanfarin ár hafa verið auk Íslands; Finnland, Danmörk, Svíþjóð og Noregur en Færeyjar, Grænland og Álandseyjar hafa tekið þátt á einhverjum tímamarki og er verið að skoða þátttöku þeirra nú.

NFSY er stjórnað af meðlimum norrænu landanna en tveir fulltrúar frá hverju landi sitja í stjórn og hefur hvert land formennsku í samtökunum í þrjú ár í einu. Ísland heldur um stjórnartaumana árin 2017 - 2020 og ber ábyrgð á því að skipuleggja og sjá um stjórnarfund, halda tengslum við fulltrúa samtakanna á Norðurlöndum og vera í samskiptum við alþjóðasamtökin. Formaður NFSY hefur atkvæðisrétt fyrir hönd samtakanna á aðalfundi IAEVG sem haldinn er árlega í tengslum við alþjóðlega ráðstefnu IAEVG og er tengiliður NFSY. Formaður NFSY er Margrét Arnardóttir en formaður IAEVG er Suzanne Bultheel frá Frakklandi.

IAEVG stendur fyrir International Association for Educational and Vocational Guidance. Eins og áður hefur komið fram er NFSY aðili að IAEVG. Aðild að alþjóðasamtökunum gerir félagsmönnum FNS t.d. kleift að taka þátt í alþjóðlegum ráðstefnum líkt og þeirri sem haldin var í Gautaborg á þessu ári og í Madrid 2016. Nánar má lesa um IAEVG á heimasíðu þeirra [www.iaevg.com](http://www.iaevg.com)

### Af stjórnarfundum í Gautaborg

Í framhaldi af alþjóðlegri ráðstefnu IAEVG sem haldin var dagana 2. - 4. október 2018 í Gautaborg hélt NFSY stjórnarfund. Á þann fund mættu fyrir hönd Íslands þau Margrét Arnardóttir, Ingibjörg Bragadóttir og Ketill Jósefsson. Ýmis mál voru á dagskrá fundarins en eitt af verkefnum stjórnarinnar er að vinna að verklagsreglum fyrir NFSY og finna leiðir til að tryggja að meðhöndlun gagna og skjala sé viðunandi. Einnig var rætt hvernig best væri að haga vinnu við heimasíðu samtakanna [www.nfsy.org](http://www.nfsy.org) og hvernig efla megi enn frekar tengsl við önnur samtök líkt og NVL sem stendur fyrir Nordisk Netværk for Voksnes Læring.

Eitt af áhersluatriðum NFSY er að efla tengslanet milli félagsmanna á Norðurlöndunum. Fulltrúar NFSY frá hverju landi eru tengiliðir inn í félag síns lands

og var rætt á stjórnarfundinum að hlutverk þessara tengiliða gæti m.a. verið að aðstoða náms- og starfsráðgjafa við að heimsækja kollega sína á Norðurlöndunum. Þeir sem hafa áhuga á að nýta þessi tengsl er bent á að hafa samband við tengiliði NFSY á Íslandi en upplýsingar um alla tengiliði Norðurlandanna má finna á heimasíðu NFSY [www.nfsy.org](http://www.nfsy.org)

Næsti stjórnarfundur, sem jafnframt er aðalfundur, verður haldinn í Reykjavík 6. apríl 2019 og í september 2019 verður stjórnarfundur haldinn í Bratislava samhliða næstu alþjóðlegu ráðstefnu IAEEVG. Á aðalfundi IAEEVG sem haldinn verður samhliða ráðstefnunni mun hinn finnski Raimo Vuorinen sem verið hefur fulltrúi NFSY í IAEEVG, láta af störfum. NFSY hefur ákveðið að atkvæði um nýjan fulltrúa Norðurlandanna fari til Guðbjargar Vilhjálmsdóttur prófessors í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands. Þar sem um kosningu er að ræða er enn óvíst hvort hún fái sæti í stjórninni en í krafti atkvæðafjölda NFSY eru líkurnar góðar.

NFSY er gott dæmi um samtakamátt í norrænu samstarfi og sýnir að saman erum við sterkari og getum látið rödd okkar heyrast.

Margrét Björk Arnardóttir  
Formaður NFSY